

Starfshópur um helgaropnun

Helgaropnun félagsmiðstöðva vinnur gegn félagslegri einangrun aldraðra. Að hafa samkomustað til þess að hitta aðra og eiga samskipti dregur úr einmanaleika og stuðlar að andlegri vellíðan, en regluleg félagsleg samskipti skipta sköpum fyrir viðhald góðrar geðheilsu. Í félagsmiðstöðvunum spjallar fólk, deilir reynslu og myndar tengsl við hvert annað. Þá getur það líka verið hvetjandi til hreyfingar, þó ekki sé nema til þess að koma sér á staðinn, en út frá tækifærum til samneytis við aðra getur auk þess skapast hvati til þess að gera meira saman. Félagsleg samskipti stuðla jafnframt að örvun hugans og getur hægt á öldrunartengdri hrörnun þar sem að með helgaropnun myndast rými til þess að skipuleggja athafnir sem örva heilann, eins og leiki, vinnustofur eða fræðsluerindi. Þá skapast grundvöllur fyrir eldra fólk til þess að mynda tengsl sín á milli og þannig getur orðið til stuðningsnet, þar sem einstaklingar geta reitt sig hver á annan fyrir bæði félagsskap og aðstoð.

Bresk rannsókn á líðan aldraðra leiddi í ljós að 76% eldri borgara segja sunnudag vera einmanalegasta dag vikunnar. Margt eldra fólk reiðir sig á félagsmiðstöðvar fyrir félagslega samveru svo helgarnar eru gjarnan tími mikillar einveru og einangrunar, svo ekki sé minnst á langar helgar sem fylgja frídögum.

Aukin opnun félagsmiðstöðva eldri borgara hefur margs konar efnahagslega hagkvæmni í för með sér. Með því að stuðla að bættri félagslegri velferð aldraðra batnar bæði geðheilsa þeirra og líkamlegt hreysti. Það dregur úr heilbrigðiskostnaði og stuðningsþörf og stuðlar að því að fólk geti búið lengur heima hjá sér. Auk þess hefur það jákvæð áhrif á hagkerfið þegar fólk getur lengur tekið þátt í samfélaginu. Fyrst og fremst felast verðmætin þó í bættum lífsgæðum eldra fólks, sem tengist heilbrigðara og virkara samfélagi.

Félag eldri borgara telur tillögu í fjárhagsáætlun 2024 um opnun einn laugardag í mánuði ekki vera til þess fallna að standa undir því kalli að sporna gegn einmannaleika.

Starfshópur öldungaráðs leggur þess í stað til að félagsmiðstöðvarnar Gjábakki, Boðarþing og Gullsmári verði opnar alla laugardaga klukkan 13 – 16 frá og með laugardaginn 13. Janúar

2024. Starfsmaður væri í starfi 12:30 – 16:30 til undirbúnings og frágangs. Kostnaðarmat við starfsmannakostnað við helgaropnun væri 4.264.488 kr.

Gullsmári 1.421.496 kr

Gjábakki 1.421.496 kr

Boðapíng 1.421.496 kr

Áætla þarf aukakostnað vegna kaffi og afþreyingar, lausleg áætlun er um 3 millj.

Heildarkostnaður tillögunnar er því um 7.264.488 kr

21. nóvember 2024

Sigrún Hulda Jónsdóttir,
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir,
Jón Atli Kristjánsson,
Baldur Þór Baldvinsson og
Stefán Arnarson.